

## Breytingartillögur borgarfulltrúa Flokki fólksins við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024

### F-7 Tillaga um að fjölga talmeinafræðingum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fjölgað verði um eitt stöðugildi talmeinafræðings í skóla- og frístundþjónustu á hverri miðstöð. Áætlaður heildarkostnaður er 64 milljónir á ársgrundvelli sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

#### Greinargerð:

Stýrihópur hefur verið að störfum síðustu vikur og rýnt biðlista barna til sérfræðinga skólaþjónustu og aðdraganda að beiðnum til sérfræðinga sem eru sálfræðingar og talmeinafræðingar ásamt fleiri sérfræðingum. Markmið með vinnu hópsins er að gera biðlistann þannig úr garði að hann sýni raunverulega stöðuna og skoði hvernig hægt sé að gera vinnuna skilvirkari.

#### Tölfræðin

Ein af mörgum niðurstöðum hópsins er að brýn nauðsyn sé að fjölga stöðugildum talmeinafræðinga. Á biðlista eftir talmeinafræðingum skólaþjónustunnar eru núna 493 börn. Þar af 277 á bið eftir fyrstu þjónustu og 216 á bið eftir annarri þjónustu talmeinafræðinga. Biðin felst m.a. í að 83 börn biða eftir framburðargreiningu, 28 börn biða eftir talþjálfun, 227 börn biða eftir málþroskagreiningu og 33 börn biða eftir ítarlegri málþroskagreiningu.

### Kjarnahlutverk talmeinafræðinga

Stýrihópurinn átti samtalið við fulltrúa talmeinafræðinga og var það þeirra álit að snemmtæk íhlutun skipti sköpum í tilfellum barna sem glíma við málþroskavanda eða önnur talmeini. Nauðsynlegt er að hafa talmeinafræðinga til að greina vandann strax í upphafi skólagöngunnar og leggja línur að framhaldi í öflugum samstarfi við starfsfólk á vettvangi barnanna í skólunum. Horfa þarf í auknum mæli til málþroska barna og þeirra áhrifa sem hann getur haft fyrir barnið til framtíðar ef ekki næst að vinna með og leiðrétta talmeinið. Beina þarf sjónum að málþroska barna eins fljótt og hægt er því barn á máltökualdri er móttækilegra fyrir leiðbeiningum og mögulegri íhlutun á vettvangi.

Oft er vangreindur málþroskavandi undirrot annarra vandamála sem þróast sökum þess að barn hefur ekki fengið aðstoð. Aðkoma talmeinafræðinga að talþjálfun og málörvun í leikskóla er mikilvæg ekki hvað síst til að veita starfsfólki, foreldrum og öðrum sérfræðingum faglega þekkingu og veita leiðbeiningar um hvernig megi hefja þjálfun strax á vettvangi barna í skólanum og á heimilum.

Nota má í auknu mæli fyrirliggjandi skimunartæki og matslista sem bæði leikskóli og grunnskóli nýta með reglubundnum hætti. Í mörgum tilvikum skiptir aðkoma talmeinafræðings miklu máli til að greina vandann og í kjölfarið bjóða upp á ráðgjöf og leiðbeiningar til að hefja þjálfun á vettvangi með starfsfólki skólanna. Einnig er mikilvægt að veita ráðgjöf til annarra sérfræðinga og foreldra.

Meginkjarni þessarar tillögu er að talmeinafræðingar séu á vettvangi skólanna eða sem næst vettvangi en einnig að talmeinafræðingar séu tiltækir til að greina vandann, hjálpa til við að rýna vandann og lausnir hans með foreldrum og öðrum sérfræðingum.

### F-8 Tillaga um aukið fjármagn til félags- og velferðamála fatlaðs fólks

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veitt verði meira fé til félags- og velferðarmála fatlaðs fólks. Áætlaður kostnaður er 600 milljónir sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

## Greinargerð:

Ef mælaborð velferðarþjónustu er skoðað þá má sjá að þeim fjölgar lítillega á árinu sem fá velferðarþjónustu en umtalsverð fækkun er á móti á biðlistum. Miklar áhyggjur eru af því fólki sem sótt hefur um en það ekki fengið þjónustuna sem það sótti um. Hvort því hafi verið hafnað er bara ekki vitað. Undantekningin er að það er gríðarleg aukning milli ára fólks á biðlista eftir heimastuðningi (112,68% í nóv. 2023 og nóv 2024). Þar hefur greinilega verið skorið niður. Vísað er til grafs um Heimastuðning – Niðurbrot á mánuði sem sýnir þetta svart á hvítu (sjá mælaborð velferðarþjónustu).

Kostnaður við að útrýma biðlistum eftir þjónustu við fatlað fólk er um 6,3 ma.kr á ári. Ekki er tekið inn í kostnaðarmatið þá sem eru á biðlista eftir milliflutning, hvort sem það er undir húsnæði fyrir fatlað fólk eða skammtímadvöl. Auk þess er ekki tekið inn í kostnaðinn þá sem bíða eftir aukningu í skammtímadvöl, en samkvæmt kostnaðarmati frá velferðarsviði þá gæti sá kostnaður numið frá 10-15 m.kr. á ári.

## F-9 Tillaga um úrbætur við biðstöðvar Strætó

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hraða úrbótum á biðstöðvum Strætó. Nauðsynlegt er að bæta við a.m.k 70 biðstöðvum umfram það sem áætlað er. Fjármagn verði flutt frá verkefnum eins og þrengingu gatna og endurgerð á Lækjartorgi/Kirkjustræti. Áætlaður heildarkostnaður á hverja stöð er að meðaltali 4-4,5 m.kr. Inni í þeim kostnaði er hönnun, framkvæmd og eftirlit en allur innri kostnaður er ekki talinn í þessa upphæð. Áætlaður kostnaður við 70 biðstöðvar er 280 m.kr. miðað við að hver stöð kostar 4. m.kr. Lagt er til að 150 m.kr. verði tekið af verkefni 30539, Vistgötur og göngusvæði í Kvosinni og 130 m.kr af liðnum ófyrirséð.

## Greinargerð

Árið 2020 var gerð úttekt á biðstöðvum hvað varðar aðgengi. Skoðað var yfirborð. Þá voru yfir 500 biðstöðvar metnar ófullnægjandi. Til stóð að lagfæra örfáar sem voru allra verst farnar, bæði aðgengi og yfirborð. Við þá tölu hefur nokkrum verið bætt á þeim tveimur árum sem liðin eru. Í úttektinni kom fram að aðeins á 11 biðstöðvum af 556 var aðgengi viðundandi. Flokkur fólksins telur að endurmeta verði áætlun um endurbætur biðstöðva í ljósi fyrirsjáanlegrar seinkunar á öðrum samgönguvalmöguleika. Hér er um gríðarlega mikilvægt mál fyrir samfélagsþátttöku til þess að fatlað fólk geti notað almenningssamgöngur. Í Reykjavík eru 556 stoppstöðvar fyrir strætisvagna og í þeim eru 375 biðskýli.

Flokkur fólksins lagði fram tillögu 2019 um endurbætur á öllum biðstöðvum strætó sem voru þá víða í lamasessi. Tillagan kom til afgreiðslu þremur árum síðar og var þá felld. Aðgengi og lélegt yfirborð stétta við strætóbiðstöðvar hefur auðvitað komið verst niður á fötluðu fólki og fólki með skerta sjón og hreyfigetu. Staðfest var í umsögn með málinu að endurbætur eru á bið vegna væntanlegrar borgarlínu sem búið er að upplýsa um að tefjist um 3-5 ár. Nú hefur borgarlínuverkefnið tafist og er því enn ríkari ástæða til að endurbæta biðstöðvar

## F-10 Tillaga um að fjármagna uppbyggingaráætlun um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fjármagna að fullu uppbyggingaráætlun um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk sem var samþykkt sumarið 2022 til viðbótar gildandi áætlun frá 2017. Áætlaður kostnaður er 800 milljónir sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

## Greinargerð

Viðbótaráætlunin gerir ráð fyrir 20 íbúðakjarnar með 120 búðum og tveimur færanlegum húsnæðisteymum sem myndu veita 48 einstaklingum stuðning. Hvergi er hægt að sjá í áætlunum hvort því fjármagni verði úthlutað sem þarf til að áætlunin komi til framkvæmdar á næsta ári, en það er brýnt að það sé gert enda eru nú þegar rúm tvö ár liðin án aðgerða. Samkvæmt 5 ára áætlun velferðarsviðs er gert ráð fyrir að kostnaður vegna

uppbyggingaráætlunar nemi alls 4,3 m.a.kr. þ.e. 1,4 ma.kr. á árinu 2025, 1,2 ma.kr. á árinu 2026 og 1,7 ma.kr. á árinu 2027.

### **F-11 Tillaga um að fjölga félagsmiðstöðvum fyrir aldraða**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að styrk til Félags eldri borgara, álíka upphæð og greitt er til hinna félagsmiðstöðvanna. Félag eldri borgara er eitt fárra félaga ef ekki eina félagið innan Landssambands eldri borgara sem nýtur ekki stuðnings frá sínu bæjarfélagi/Reykjavíkurborg. Um er að ræða eins konar ígildi átjándu félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar sem verður þá. Áætlaður kostnaður er 76. m. kr. sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

#### **Greinargerð:**

Þessi hugmynd kom fram undir 1. lið við fundargerð öldungaráðs frá 5. maí 2022 og bókaði fulltrúi Flokks fólksins um þetta mál á fundi borgarráðs 25 maí 2022.

### **F-12 Tillaga um breytingar á ráðstöfun fjármagns á skóla- og frístundasviði**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að falla frá eftirfarandi skerðingum á þjónustu skóla- og frístundasviðs. Áætlaður heildarkostnaður er 800 m.kr. á ársgrundvelli sem yrðu fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Fallið verði frá að fresta verkefninu Fyrr í frístundaheimili og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 300 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá frestun á verkefninu áfallateymi og fjölmeningarráðgjöf í miðstöðvum, 265 m.kr. og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 265 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá frestun á hækkun framlags til grunnskóla vegna ísl.2. og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar til samræmis.

Fallið verði frá lækkun þróunarstyrkja menntastefnu tímabundið úr 100 m.kr. í 50 m.kr. og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 50 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá fækkun frístundafræðinga og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 28 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá skerðingu á þjónustu frístundaheimila á löngum dögum og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 44 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá að loka í sumarfrístund í 5 vikur í stað 4 vikna og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 23 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá styttingu á opnunartíma frístundaheimila frá skólabyrjun til skólaslita um 30 mín og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 73 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá því að úr fjármagni til rekturs Brúarskóla og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 30 m.kr. til samræmis.

Fallið verði frá því að skerða sumarlokun leikskóla. og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar til samræmis.

Fallið verði frá því að stytta opnunartíma leikskóla og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar til samræmis.

Fallið verði frá því að fækka í ráðgjafahópi og að fjárheimildir skóla og frístundasviðs verði hækkaðar til samræmis.

Skerðing m.a. fækkun kennslustunda af tónlistskólanum verði aðeins helmingur af því sem lagt er til eða 75 m. kr og að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um til samræmis.

#### **Greinargerð**

Það var borgarfulltrúa áfall að sjá þann lista sem birtur var í greinargerð með fagsviðum yfir skerðingar og takmarkanir á þjónustu við börn á sviði skóla- og frístunda. Skerða á allt of mikið þjónustu á skóla- og frístundasviði. eiginlega meira en á nokkrum sviðum. Brúa á 1,1 milljarð sem er fullkomlega óraunhæft ef ekki á að skaða verulega þjónustu við börn með tilheyrandi afleiðingum. Til dæmis á að höggva í Brúarskóla sem er löngu illa sprungin og mörg börn bíða eftir plássi. Einnig á að klípa af akstur fatlaðra sem var dýrari en áætlað var. Það kostar að veita góða þjónustu og það er verulega grimmt að skerða þjónustu við fatlað fólk.

Taka á upp samkenndu 1. og 2. bekk og 3 og 4. bekk þá fær hvert barn minni athygli. Við þessum mega börn borgarinnar alls ekki. Skóla- og frístundasvið fékk háan reikning frá þjónustu- og nýsköpunarsviði, 567 m.kr. fyrir stafræna vinnu sem þeim rann ekki í grun að yrði svo hár svo nú þarf að skerða þjónustu enn frekar til að geta greitt þetta. Hvar á að taka þessa peninga? Hér má sjá glögg að kerfin tala ekki saman. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur auk þess ekki staðið sig gagnvart skóla- og frístundasviði, látið sviðið sitja á hakanum og eru ekki enn farin að skila mikilvægum lausnum. En vantar mikilvægar lausnir. Hvar er t.d. Búi? Spurt er af hverju ekkert bólar á Búa þrátt fyrir að langt er síðan að fjármagni var veitt í það verkefni? Lengi hefur verið beðið eftir að fá skilvirka og viðeigandi stafræna lausn til að halda utan um þann fjölda barna sem þurfa á sérstakri sérfræðiaðstoð skólalþjónustu. Búi er að því er virðist kerfi sem auðveldar starfsfólki að veita betri og skilvirkari skólalþjónustu. Búi var sagður eiga að hjálpa til að auðvelda samvinnu og samhæfingu og auka gagnsæi gagnvart forsjáraðilum sem og öryggi viðkvæmra gagna en hann er bara hvergi sjáanlegur. Sú málaskrá sem nú er við lýði á velferðar- og skóla og frístundasviði er löngu úr sér gengin og er bæði flókin og tyrfin í notkun sem veldur því að utanumhald getur aldrei verið nákvæmt. Búið er að halda fína kynningu á Búa en hann sjálfur er hvergi sýnilegur. Ef Búi verður einhvern tíma að veruleika mun stafræn persónumappa fylgja hverju barni sjálfvirkt milli skóla. Þetta skref mun breyta miklu í utanumhaldi mála

### **F-13 Tillaga um að hækka styrkveitingu til Foreldrahúss**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að styrkur til Foreldrahúss verði 15. m.kr. í stað 10 m.kr. Áætlaður kostnaður er 5 milljónir sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

#### **Greinargerð**

Það er hætta á að Foreldrahús þurfi að leggja niður starfsemi sína vegna fjárskorts. Um er að ræða eina úrræðið sem foreldrum barna og ungmenna í vímuefnavanda stendur til boða. Efnt hefur verið til undirskriftasöfnunar til þess að skora á stjórnvöld til að koma í veg fyrir að félagið verði lagt niður. Foreldrahús er úrræði sem rekið er af samtökunum Vímulaus æska – foreldrasamtök sem stofnuð voru árið 1986. Árið 1999 var komið á fót ráðgjafarmiðstöð sem hýsir starfsemi samtakanna og var nefnt Foreldrahús. Miðstöðin var fyrst til húsa að Vonarstræti en starfsemin flutti síðar í nýtt húsnæði í Borgartúni 6. Í um 25 ár hafa foreldrar barna og ungmenna sem glíma við vímuefnavanda getað sótt sér meðferð, fræðslu og þjónustu í Foreldrahúsi. Nýjustu skýrslur Barnaverndar sýna aukningu á neyslu hjá börnum og Barnavernd sendir þessa skjólstæðinga í Foreldrahús. Foreldrahús vinnur gríðarlega mikilvægt og gott starf og Flokkur fólksins telur gríðarlega mikilvægt að styðja við fjölskyldur í þessum vanda.

### **F-14 Tillaga um úrbætur á aðgengi í skólum Reykjavíkurborgar**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að leysa þann aðgengisvanda sem er til staðar í sumum skólum borgarinnar með því að flytja fjármagn frá verkefnum eins og þrengingu gatna og hönnun á Lækjartorgi og það fjármagn nýtt til að bæta aðgengi fyrir fötluð börn að skólum og öðrum samkomustöðum barna. Þessi mál þurfa að fara í forgang. Samkvæmt kostnaðarmati má gera ráð fyrir 5 m.kr. á hvern skóla.

Áætlaður kostnaður við 5 skóla er 25 m.kr. sem yrði fjármagnað af verkefni 30539, Vistgötur og göngusvæði í Kvosinni.

#### **Greinargerð**

Rannsóknir hafa sýnt að aðgengi að skólum og stöðum þar sem frístundastarf barna fer fram er víða ábótavant og jafnvel mjög slæmt. Fötluð börn hafa reynslu af ýmiskonar aðgengishindrunum stundum vegna þrengsla og þar sem eru eingöngu tröppur eða engin lyfta. Oft er jafnvel tregða að gera breytingar á húsnæði til að gera það aðgengilegt, sér í lagi þegar kemur að gömlum húsum. Í þessu þarf að gera betur að mati Flokks fólksins. Aðgengi snýst ekki aðeins um aðgengi fyrir hjólastóla, það snýst einnig um aðgengi fyrir sjón- og heyrnarskerta. Þetta er í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur á Alþingi 20. febrúar 2013 með lögum nr. 19/2013.

### **F-15 Tillaga um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir: Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækki úr 239.895 kr. á mánuði í 257.046 kr. Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækki úr 383.832 kr. í 411.273 kr. á mánuði. Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækki úr 202.123 kr. í 216.574 kr. á mánuði. Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækki úr 119.948 kr. í 128.524 kr. á mánuði. Fjárhæð vegna barna í 16. gr. a hækkar úr 19.254 kr. í 20.631 kr. á mánuði. Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2025.

Áætlaður kostnaður er 132 m. kr. sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Fulltrúi Flokks fólksins telur að við ákvörðun um árlega uppfærslu fjárhagsaðstoðar verði að hafa í huga að þeir sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda lífa við sárafátækt. Nú liggur fyrir að matarkarfan hefur hækkað um 12,4% á einu ári. Í ljósi þess hve drjúgur hluti tekna fólks á fjárhagsaðstoð fer í að eiga til hnífs og skeiðar telur fulltrúi Flokks fólksins rétt að miða uppfærsluna við prósentuhækkun matarkörfunnar. Sú prósentu sem meirihluti borgarstjórnarinnar vill miða við, 4,9%, er skammarleg þegar við horfum fram á áframhaldandi verðbólgu og 9,25% stýrivexti. Rétt er að taka fram að miðað við kostnaðarforsendur þær sem komu fram í tillögu meirihlutans mun tillaga Flokks fólksins einungis kosta 137 m.kr. umfram tillögu meirihlutans. Ef meirihlutnum þykir þetta bruðl þá getur fulltrúi Flokks fólksins bent á ýmis útgjöld sem mætti skera niður til að eiga fyrir þessari leiðréttingu.

### **F-16 Tillaga um breytingar á launum formanna íbúðaráða**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera breytingar á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg þannig að laun formanna verði lækkuð til jafns við laun annarra í íbúðaráðunum. Ekki er greitt fyrir hvern fund heldur eru fulltrúar á föstum launum allt árið. Miðað við uppfærð laun nefndarfulltrúa og 9 ráð þá ætti heildarsparnaður við að lækka laun að vera 10,1 m.kr.. Sparnaður verði færður á liðinn ófyrirséð.

### **F-17 Tillaga um að lækka áætlaðan kostnað vegna utanlandsferða**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að lækka áætlaðan kostnað vegna utanlandsferða. Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025 er gert ráð fyrir ferðakostnaði að upphæð 92.8 m.kr. Lagt er til að sú fjárhæð verði færð niður í 46,4 m.kr og sama upphæð verður færð á lið ófyrirséð. Öll svið og ráð skuli stilli ferðum erlendis í hóf næsta ár vegna fjárhagsstöðu borgarinnar og einnig til að geta nýtt meira fjármagn í þágu þeirra sem minna mega sín. Utanlandsferðir verði aðeins í undantekningartilvikum þar til borgin fer að sýna betri fjárhagslega afkomu, þ.e. þegar áætlanir eru farnar að standast. Mest um vert er þó að nota fjármagn í skynsamlega hluti s.s. að bæta hag barna og þeirra sem minna mega sín.

### **Greinargerð**

Eitt af því sem COVID kenndi okkur svo um munar var að notast við fjarfundabúnað og streymi urðu algengari en áður. Þetta er ódýr og skilvirk leið til að funda eða eiga samskipti við þá sem eru fjarri okkur. Þess vegna er svo sjálfsagt að notast við fjarfundarbúnað og streymi í stað þessa að taka sér ferð á hendur með tilheyrandi kolefnisspori og öðrum kostnaði sem kemur beint úr vasa borgarbúa. Reynist nauðsynlegt að fara erlendis nægir að einn fari og deili reynslu og upplifun af fundi/ráðstefnu með samstarfsfólki þegar heim er komið. Fara á vel með skattfé borgarbúa.

### **F-18 Tillaga um aukið fjármagn til námskeiða fyrir börn og foreldra**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka framboð bæði lengri og styttri námskeiða fyrir foreldra. Í þessu sambandi er mikilvægt að foreldrum sé gert skylt að mæta á stutt námskeið í grunnþáttum uppeldisfræði ef barn þeirra er komið í vinnsluferli Skólaþjónustu. Áætlaður kostnaður er 14 m. kr. sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur fengið upplýsingar um að börn og foreldrar þurfi að bíða lengi eftir að komast á námskeið sem þessi enda talin afar hjálpleg og gefandi fyrir börn og foreldra. Til eru borginni að kostnaðarlausu stutt og hnitmiðuð námskeið í helstu grunnatriðum uppeldistækni sem og einnig lengri námskeið. Langur biðlisti er á PMTO námskeið sem reynst hafa vel. Ekki þarf sérmenntað fagfólk til að keyra öll þessi námskeið og mætti t.d. í styttri námskeiðum í uppeldistækni fá nema í félagsvísindum og sálfræði til að keyra þau. Slík námskeið ættu að vera í boði vikulega. Önnur gagnleg námskeið fyrir börnin eru t.d. Klókir krakkar. Bið er slæm fyrir börn og auðvitað alla aðra líka. Börn og aðrir viðkvæmir hópar eiga einfaldlega ekki að þurfa að bíða.

### **F-19 Tillaga um sálfræðilegt meðferðarúrræði fyrir eldra fólk**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela Keðjuni að stofna sálfélagslegt meðferðarúrræði fyrir eldri borgara sem búa á hjúkrunarheimilum eða í heimahúsi í formi heimsóknna þar sem boðið er upp á samtal, stuðning og fræðslu. Ávinningur er mikill, fyrst og fremst til að draga úr einmanaleika þessa hóps og einnig til að fyrirbyggja og draga úr notkun geðlyfja. Tíðni samtal fer eftir samkomulagi og þörfum hvers og eins. Áætlaður kostnaður er 14 m. kr. sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Enda þótt velferðartækni hafi rutt sér til rúms getur ekki allt eldra fólk tileinkað sér þá tækni eins og gefur að skilja. Slík tækni kemur heldur aldrei í staðin fyrir persónulegt samtal. Sá hópur sem hér um ræðir er sennilega sá sem er minnst tæknivæddur ef borið er saman við aðra hópa. Þetta er einnig sá hópur sem ekki hefur hæstu röddina og er gjarnan hógvær og lítillátur. Fjölmargir leita sér einfaldlega ekki stuðnings. Finna þarf þá sem þarfnast félagsskapar og vilja persónulegt samtal/ráðgjöf og koma til þeirra með tilboð um hvort tveggja eftir atvikum. Hafa skal einnig í huga að ofbeldi hefur aukist í þessum aldurshópi og gefst hér tækifæri til að opna á samtal um slíkt ef viðkomandi er að verða fyrir ofbeldi af einhverju tagi.

### **F-20 Tillaga um lækkun útgjalda vegna leigubílaferða**

Lagt er til að kostnaður við leigubíla verði lækkaður um 27,6 m.kr. og flutt á lið ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að takmarka notkun leigubíla fyrir starfsfólk borgarinnar þannig að þeir verði eingöngu notaðir í undantekningartilfellum. Leigubílanotkun er afar misjöfn eftir sviðum. Ef tekið er árið 2020 (fyrir COVID) er velferðarsvið hástökkvari í leigubílanotkun með 35.171.154 kr. Ef horft er til 2020 má draga þá ályktun að velferðarsvið hlýtur að verða að fara að skoða hvort ekki sé hægt að taka færri leigubíla. Finna þarf aðrar leiðir til að koma starfsfólki milli staða í þeim tilfellum sem þess þarf, öðruvísi en að notast við rándýran ferðamáta eins og leigubíla. Skoða má að fjölga deilibilum. Fyrir árið 2023 er búið er að bóka á lykil 5410, *Leigubílar* um 55,3 m.kr.

Meirihlutinn í borgarstjórn hefur linnulaust hvatt borgarbúa til að hjóla eða taka strætó og slíkt ætti allt eins að eiga við borgarstarfsmenn. Flokkur fólksins spurðist fyrir um leigubílakostnað starfsmanna borgarinnar í maí 2022. Ástæða fyrirspurnarinnar er að eftir því hefur verið tekið að þegar viðburðir eru á vegum velferðarsviðs má sjá eitthvað starfsfólk koma á leigubíl, stundum nokkrir saman í bíl en stundum einn í bíl. Í síðasta svari frá velferðarsviði við fyrirspurn um leigubílakostnað er aðeins sundurliðað hve mikill heildarkostnaður var á hvert undirsvið

velferðarsviðs og svo tekið dæmi um hvaða ástæður liggja að baki mestum hluta kostnaðarins, þ.e. „Önnur notkun á leigubílum er vegna vitjana á heimili, starfsstaði eða á fundi.“ Ekki var hægt að sundurliða notkunina meira en þetta. Kjörnir fulltrúar verða að hafa nákvæmari upplýsingar til að geta sinnt sínu aðhaldshlutverki. Hvað sem þessu líður er fjárhæðin há sem fer í leigubílakostnað, sérstaklega á velferðarsviði. Það er alltaf hægt að réttlæta hvers konar útgjöld með vísan í að réttir aðilar hafi gefið grænt ljós vegna þeirra og að almennt séu góðar ástæður fyrir þeim.

## **F-21 Tillaga um tilraunaverkefni á útboði sorphirðu í einu pósthúsnúmeri**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að farið verði í útboð á sorphirðu í einu pósthúsnúmeri innan Reykjavíkur ásamt því að kanna hagkvæmni á útboði vegna þjónustu við djúpgáma.

Áætlað er að útboð skili 20 m.kr. hagræðingu á árinu 2025.

### **Greinargerð**

Öll sveitarfélög önnur en Reykjavík bjóða út sorphirðu og er ekki að sjá annað en að slíkt hafi reynst vel. Flokkur fólksins leggur til að gerð verði hagkvæmnisúttekt á þjónustu við djúpgáma með þeim tækjum og tólum sem til þess þarf en SORPA hyggst sjálf þjónusta djúpgáma. Flokkur fólksins bendir á skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna frá 2016, Competition in the Waste Management Sector. Preparing for a Circular Economy. Löngu er tímabært að auka flokkun á söfnunarstað en í þessu stóra verkefni þarf að huga að kostnaði. Það er skylda sveitarfélags að fara vel með fjármagn, útsvar borgarbúa, og finna ávallt hagkvæmustu leiðirnar. Í þessu stóra verkefni er ekki að sjá að kannað hafi verið hvort hagkvæmara sé að bjóða út einstök verk eða verkefni eins og flest önnur sveitarfélög hafa gert. Þetta gagnrýnir fulltrúi Flokks fólksins.

## **F-22 Tillaga um breytt fyrirkomulag lóðaúthlutana**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að brjóta nýtt land undir byggð og auka valmöguleika á úthlutun lóða í Reykjavík þannig að félögum, hópum og jafnvel einstaklingum verði gert fært að sækja um byggingarhæfa lóð í Reykjavík á föstu verði. Eins og staðan er í dag er lóðum eingöngu úthlutað að undangengnu útboði en það er of takmarkað og útilokar þar með smærri hópa eða einstaklinga sem tilbúnir eru til að byggja hús.

Áætlað er að aðgerðin skili 400 m.kr. í tekjuauka á árinu 2025.

### **Greinargerð**

Nauðsynlegt er að brjóta nýtt land undir byggð. Frekari þéttingar eru óráð nema að vandalega íhuguð máli og í samráði við íbúa hverfisins.

Þetta fyrirkomulag sem nú er, þ.e. að hægt er aðeins að fá lóð í gegnum útboð, er einhæft, óþjálmt og stíft. Lágum tilboðum er hafnað þannig að aðeins þeir sem geta boðið best hreppa hnossið. Til er útfærslan: sala lóðarréttinda á föstu verði en þá er sótt um tiltekna lóð. Fyrstur til að skila inn umsókn fær lóðina en þó er þetta einnig þannig að fyrst er útboðsfyrirkomulagið viðhaft og síðan lóðin sett á sölu á föstu verði. Það sjá það allir í hendi sér að þetta fyrirkomulag er afar þungt í vöfum og tyrfið. Síðustu árin hafa einstaklingar ekki fengið úthlutað neinum lóðum, aðeins félög. Árið 2021 fengu fjórir einstaklingar lóðir en enginn eftir það. Sagt er að nóg sé til af byggingarhæfum lóðum og sagt að þær séu aðgengilegar einstaklingum sem og félögum. Það er einfaldlega ekki rétt. Ef við eigum ekki að sitja í þessari súpu húsnæðisskorts um aldur og ævi verður þessi meirihluti að gera breytingar þannig að hægt sé að byggja hraðar og halda áfram af krafti að byggja þar sem innviðir eru til staðar, s.s. í Úlfarsárdal og Grafarvogi. Ekki vantar landrými.

## **F-23 Tillaga um breytingar á skipulagi þjónustu- og nýsköpunarsviðs**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera svohljóðandi breytingar á skipulagi þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar:

Nafni sviðsins verði breytt í Upplýsingatækni svið Reykjavíkurborgar (UTR) sem skiptist í eftirfarandi starfseiningar:

Eftirfarandi einingar verða:

Skrifstofa verkefnastýringar og þróunar: Umsjón með stafrænni umbreytingu, ráðgjöf og eftirfylgni. Skrifstofan ber ábyrgð á því að leitað sé meira samstarfs við ríkið og önnur sveitarfélög hvað varðar alla stafræna umbreytingu með samlegðaráhrif og einföldun opinberrar þjónustu í huga.

Skrifstofa upplýsingaþjónustu: Þjónustuver Reykjavíkurborgar ásamt einni rafrænni þjónustumiðstöð sem heldur utan um rafrænar umsóknir fyrir öll svið og skrifstofur borgarinnar. Rafræn þjónustumiðstöð hefur umsjón með öllum vefjum Reykjavíkurborgar.

Skrifstofa gagnþjónustu: Ber ábyrgð á allri gagnavinnslu og gagnamiðlun Reykjavíkurborgar í stað þeirra gagnæininga sem nú eru til undir þjónustu og nýsköpunarsviði. Einnig sér skrifstofan um allt það er viðkemur Borgarskjallasafni sem og samskiptum og gagnamiðlun til Þjóðskjallasafns þegar, eða ef að þeirri yfirfærslu verður.

Skrifstofa tækniþjónustu: Tækniþorð, umsjón tækja og kerfisrekstur ásamt umsjón með rekstri stjórnsýsluhúsa.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á fjármálum, áætlanagerð, mannauðs- og persónuverndarmálum með aðstoð mannauðsfulltrúa, fjármálastjóra og lögfræðingi sviðsins. Lagt er til að aðeins einn lögfræðingur sé starfandi á sviðinu varðandi persónuverndarmál og annað. Ef leita þarf til fleiri löglærðra aðila vegna umfangs eða sérþekkingar mun embætti borgarlögmanns aðstoða.

Lagt er til að sviðsstjóri beri alfarið sjálfur ábyrgð á því að öllum markmiðum sviðsins sé fylgt eftir og það sé borgarráð ásamt fjármála- og áhættustýringasviði sem hafi eftirlit með rekstri Upplýsingatækni sviði Reykjavíkurborgar og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar sé fylgt.

Áætlað er að hagræðing vegna breytinganna nemi 75 m.kr. á árinu 2025 sem ráðstafað verði á liðinn ófyrirséð.

## Greinargerð

Í þessum málaflökki er þörf á markvissum aðgerðum og að verkefnum sé fylgt vel eftir samkvæmt nútíma kröfum um árangursstjórnun. Fyrst og síðast á ekki sífellt að vera að finna upp hjólið heldur nýta þær lausnir sem til eru og virka í sambærilegum aðstæðum. Í stað þess að Reykjavíkurborg haldi áfram með viðamiklar uppgötvanir og þróun lausna, verður leitað til fyrirtækja á einkamarkaði sem bestu reynsluna hafa á sviði hugbúnaðarþróunar. Það er löngu þekkt að miðstýrðar nýsköpunaráætlanir í opinbera geiranum hafa að stærstum hluta mistekist eða tekið langan tíma í framkvæmd með tilheyrandi kostnaði. Fyrirtæki á einkamarkaði ásamt sprotafyrirtækjum hafa tekið langt fram úr hinu opinbera á þessu sviði.

Einföldun allra þjónustuferla borgarinnar gagnvart borgarbúum er eins og flestir vita, nauðsynleg. En það er ekki það eina sem þarf að einfalda, flókið innra skipulag í formi útbólginnar stjórnsýslu er fyrirbæri sem einnig þarf að takast á við. Í þessum breytingatillögum mun felast aukin skilvirkni og marksækni og sparnaður vegna samlegðaráhrifa þar sem Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög ásamt ríkinu, leggjast á eitt við að veita almenningi sambærilega rafræna þjónustu.

Sparnaður felst í því að fækka skrifstofum og millistjórnendum sviðsins með því að sameina skrifstofur sem hafa með samþætta starfsemi að gera. Reykjavík átti strax í byrjun að hoppa á vagninn með öðrum opinberum aðilum sem voru á sömu vegferð og taka þátt í uppbyggingu sameiginlegs þekkingarbrunnar sveitarfélaga og ríkisins varðandi stafræna umbreytingu.

Með sameiningu skrifstofa sem hafa með ýmiskonar upplýsingamiðlun til íbúa að gera verður öll upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar einfölduð og eflað undir einni skrifstofu gagnþjónustu. Rafræn þjónusta Reykjavíkurborgar er í grunninn ekkert öðruvísi en sú rafræna þjónusta sem aðrir opinberir aðilar eru að veita og nýtist íbúum best ef um ákveðið samræmi er að ræða. Það á ekki að skipta máli hvert fólk flytur, viðmót þeirrar rafrænu þjónustu sem í boði er á að vera eins. Þegar upp er staðið er það þjónustan við notendur hvar sem þeir búa á hverjum tíma sem öllu máli skiptir.



## **F-24 Tillaga um að falla frá leiguverðshækkunum hjá Félagsbústöðum**

Lagt er til að borgarráð samþykki að í stað þess að hækka leigu Félagsbústað um 6,5% umfram verðlag eins og fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir verði fundnar aðrar leiðir til að halda Félagsbústöðum á floti. Mótvægisáðgerðir gætu verið í formi styrks til Félagsbústaða sem er bæði einfaldara og ódýrara fyrir borgina.

Lagt er til að setja 300 m.kr. í mótvægisáðgerðir og verður það fjármagnað af lið ófyrirséð.

## **F-25 Tillaga um niðurskurð á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og annarri stjórnslu**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki kerfisbundinn niðurskurð á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og í annarri stjórnslu borgarinnar þar sem flestar ráðningar hafa átt sér stað og mesta þenslan er. Sjá tillögur um hagræðingarhugmyndir í meðfylgjandi greinargerð.

Áætlað er að hagræðing nemi 30 m.kr. sem ráðstafað verði á liðinn ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Settur var á laggirnar í fyrra starfshópur sem átti að rýna og greina mönnun, rekstur, umfang og þróun á miðlægri starfsemi Reykjavíkurborgar og skila skýrslu 2024 þar sem fram koma tillögur að hagræðingaraðgerðum. Þessar tillögu hafa ekki litið dagsins ljós enn sem komið er þótt aðeins mánuður sé eftir af árinu og ekki er hægt að fullyrða að hópurinn skili af sér fyrir áramót. Flokkur fólksins telur að skoða mætti að hækka hagræðingarkröfu á laun frá 1% upp í 2% og að ráðningarbann verði á skrifstofunni í að minnsta kosti tvö ár. Einnig að verkefni og undirskrifstofur verði sameinuð eins og þess er nokkur kostur. Áætlað er að sparnaður af þessu einu gæti numið 5,1 m.kr. Sparnaður verði færður á liðinn ófyrirséð. Fleira mætti skoða, t.d. að sameina verkefni og undirskrifstofur og einfalda verkferla. Sum verkefni mega fara á bið og einhver má jafnvel hætta við. Sum kunna að vera barn síns tíma og tímabært að leggja þeim. Áfram á að hafa það að markmiði að draga úr eða fresta ráðningum þar sem við á og draga úr launakostnaði.

## **F-26 Tillaga um að leggja niður stafrænt ráð**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að leggja niður stafrænt ráð og þau verkefni sem hafa eitthvert vægi verði sett undir Mannréttinda- og ofbeldisvarnaráð.

Áætlaður kostnaður við stafrænt ráð fyrir 2025 er 17,8 m. kr. sem yrði flutt á liðinn ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Það er því miður svo að stafrænt ráð sinnir ekki þeirri eftirlitsskyldu sem ráðinu ber þegar um er að ræða ráðstöfun á svo háum fjárhæðum sem veitt er til þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Stafrænt ráð virkar í raun sem eins konar „gamaldags stimpil skrifstofa“ sem stimplar áfram allar þær fjárheimildarbeiðnir sem sviðið sækir um hverju sinni gagnrýnislaust. Stafrænt ráð hefur sem dæmi engan verkefnalista í sínum fólum þar sem skráð eru öll verkefni þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem hafa verið samþykkt frá stofnun sviðsins – ásamt því hversu miklum fjármunum var veitt í hvert verkefni fyrir sig, hver staða hvers verkefnis er og svo heildarkostnaður. Þess vegna veit ráðið í raun ekkert hversu miklum fjármunum sviðið hefur eytt í þau verkefni sem samþykkt hafa verið frá stofnun sviðsins. Hér er um óþarfan kostnað að ræða, fjármagn sem betur væri nýtt í annað.

## **F-27 Tillaga um úttekt á búsetuhögum og búsetuúrræðum öryrkja í Reykjavík**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að láta framkvæma úttekt á búsetuhögum og búsetuúrræðum öryrkja í Reykjavík með áherslu á þá aðila sem eru á leigumarkaði með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir ÖBÍ í fyrra og síðustu ár.

Áætlaður kostnaður við úttektina nemi 7,5 m. kr. sem fjármagnað verði af liðnum ófyrirséð.

### **Greinargerð**

Til að framkvæma úttektina er lagt til að skipaður verði starfshópur sem hafi til hliðsjónar m.a. rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir ÖBÍ. Skýrslan sýnir niðurstöðu rannsóknar í húsnæðismálum fatlaðs fólks sem unnin var af Félagsvísindastofnun fyrir ÖBÍ árið 2023. Í skýrslunni kemur fram að 27% svarenda með 75% örorkumat greiða á bilinu 51-75% útborgaðra launa í rekstur á húsnæði. Að auki greiða 12% svarenda í sama hópi meira en 75% útborgaðra launa í rekstur á húsnæði. Sú staða er óviðunandi með öllu og samræmist ekki markmiðum fjármálaáætlunar í húsnæðismálum um greiðslugetu leigjenda. Lítið sem ekkert hefur verið gert í húsnæðismálum fatlaðs fólks á þessum rúma áratug sem liðinn er frá útgáfu skýrslu 2010 fyrir utan viðleitni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að viðhalda tölfræði. Staðan er slæm og spilar hátt leiguverð þar inn í. Um 11% leigja hjá Félagsbústöðum og Brynju. Gera má ráð fyrir að mál hafi versnað. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum er brynt að láta gera úttekt á búsetuhögum öryrkja og búsetuúrræðum sem þeim standa til boða í Reykjavík og leggja þá úttekt til grundvallar við stefnumótun og ákvarðanatöku í húsnæðismálum borgarbúa.